



Borgarráð

Erindi frá Orkuveitu Reykjavíkur vegna beiðni Borgarbyggðar

Lagt er til að borgarráð staðfesti hjálagt erindi Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 24. janúar 2022, er varðar beiðni Borgarbyggðar um gögn er liggja að baki minnisblaðs rýnihóps, dags. 9 desember 2020.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Bréf frá Orkuveitu Reykjavíkur til eigenda, dags. 24. janúar 2022

Reykjavík, 24. janúar 2022
/es

Til eigenda Orkuveitu Reykjavíkur

Á fundi stjórnar OR í dag var m.a. bókað:

7. Lögð fram fundargerð byggðaráðs Borgarbyggðar, dags. 7.01.2022 með svohljóðandi bókun:

Byggðarráð Borgarbyggðar tilkynnir hér með að sveitarfélagið hefur gert samning við KPMG um að yfirfara og leggja mat á þær forsendur sem liggja að baki minnisblaði rýnishóps, dags. 9. desember 2020, en niðurstöður rýnihópsins fela í sér verulegar fjárhæðir og hagsmuni fyrir sveitarfélagið Borgarbyggð og íbúa þess. Rýnihópurinn byggði sitt álit á upplýsingum og gögnum frá sérfræðingum OR og þeirra vinnu. Byggðarráð óskar hér með formlega eftir því að Orkuveita Reykjavíkur veiti KPMG fyrir hönd sveitarfélagsins aðgengi að þeim gögnum, útreikningum og sjóðstreymislíkönum sem vísað er til í minnisblaðinu, þeim forsendum sem þar liggja að baki svo og aðgengi að sérfræðingum sem unnu greiningar til að fá nánari skýringar eftir því sem þurfa þykir.

Stjórn samþykkir að vísa erindinu til eigenda.

Eigendur hafa í tvígang sammælt um að skipa rýnihópa, sem í voru fulltrúar allra eigenda, til að skoða málefni er varða gjaldskrá fráveitu í Borgarbyggð. Ekki voru gerðar athugasemdir við gögn, sem hópurinn aflaði frá fyrirtækinu, hópurinn var sammála um niðurstöður og undirritaði allur minnisblöðin. Því er talið að einn eigenda geti ekki, án formlegrar aðkomu stjórnar og annarra eigenda, sent ráðgjafa inn í fyrirtækið til að afla eða rýna að nýju upplýsingar, sem þegar hafa verið afhentar fulltrúum eigenda.

Er þess hér með góðfúslega farið á leit við eigendur að þeir taki afstöðu til beiðnar Borgarbyggðar eins fljótt og verða má.

Virðingarfyllst,



Elín Smáradóttir, ritari stjórnar OR